

Ríkisaðili	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum					
Ábyrgðaraðili	Helga Kristín Kolbeins					
1	Kjarnastarfsemi					
	Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknám. Bæði styttri brautir og brautir til starfsréttinda og stúdentsprófs. Haustið 2018 stunda 232 nemendur nám við skólann en gert er ráð fyrir að 204 ársnemendum við skólann. Kynjahlutfall nemenda er jafnt. Eftirtaldar námsbrautir eru starfræktar haustið 2018: Stúdentsbraut - bóknám (15-82-3-6), 61% stundar nám á þessari braut, hægt að velja um þrjár línur. Starfsbraut (17-338-3-8), 3% nemenda eru á þessari braut. Vélstjórn B (17-332-3-8), 9% nemenda stunda nám á þessari braut. Vélvirkjun (18-327-3-8), 1% nemenda stunda nám á þessari braut. Grunndeild mál- og véltæknigreina (17-340-2-5), 2% nemenda stundar nám á þessari braut. Sjúkraliðabraut (16-182-3-8), 6% stundar nám á þessari braut. Framhaldsskólalágrú (17-339-1-1), 8% stundar nám á þessari braut. Húsasmiðabraut (17-317-3-8), 10% stundar nám á þessari braut. Skólinn hefur sett sér þá stefnu að hafa frumkvæði að því að efla formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið atvinnurekendur til að efla og þróa iðn- og tækninám með það að markmiði að fleiri nemendur hefji nám og ljúki á því sviði. Mikil vöntun er á iðnmenntuðu fólki í Vestmannaeyjum og hefur verið mikil þörf í byggingariðnaðinum og mikill áhugi á því námi. Boðið var upp á nám í húsasmiði í samstarfi við FNV. Skólanámskrá er á vef skólans https://www.fiv.is/, skólanámskrá er lifandi plagg og er heildarendurskoðun gerð á tveggja ára fresti síðast 2017. Skólinn er virkur þáttakandi í starfi og þróun Fjarmenntaskólanna, starfrækir íþróttakademiur í samstarfi við ÍBV og GRV og er í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð um Fablab smiðju. Skólinn tekur virkan þátt í að ná markmiðum stjórnvalda með því að fylgja þeim lögum og reglum sem stjórnvöld setja á hverjum tíma.					
Markmið 1			Tengist markmiði málaflokks			
Minnka brotthvarf nemenda um 10%			Markmiði 1: Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskyldum tíma.			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Hlutfall nýnema sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári.	Hlutfall af skráningu nýnema að hausti upp úr grunnskóla og skráningu þeirra á annað ár.	85,5%	91,8%	93%	95%	96%
Hlutfall nemenda sem stenst byrjunaráfanga á fyrsta þrepi í	Nemendaskráning og niðurstöður prófa	89.6%	86%	90%		

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

kjarnagreinum og geta hafið nám á öðru þrepi						
Fjöldi nemenda sem stunda nám í iðn- og tækninámi	Nemendaskráning	12,3%	22%	20%		
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
Endurskoða kennslu í byrjunaráföngum á fyrsta þrepi í kjarnagreinum		2017	2019	1.000.000	800.000	
Sérstök námsaðstoð til handa nemendum		2019	2020			
Innleiða sameiginlega kennslu á 1.- og 2. þrepi í mál- og tækninámi sem er samþættur námi í vélstjórn og vélvirkjun		2017	2020	1.000.000	1.000.000	
Markmið 2			Tengist markmiði málaflokks			
Efla gæði bók- og starfsnáms			Markmiði 2: Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Góðar kennslustundir samkvæmt gildum og stefnu skólans.	Jafningamat og sjálfsmat kennara		Viðmiðin ákveðin og staðan reiknuð	Fer eftir stöðu 2018		
Ánægja útskrifaðra nemenda með undirbúning sinn fyrir framhaldsnám og vinnu.	Niðurstöður rýnihópa með fulltrúum útskriftarnemenda 2015 og 2016.		Rýni hafin meðal útskrifaðra nemenda í FÍV.			
Aðstaða verknáms uppfylli kröfur atvinnulífsins.	Innra mat ánægju könnun á meðal atvinnulífsins.		Rýnifundir með hagsmunaaðilum. Bæta þarf við búnaði. Unnið skv. forgangs-röðun.			
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
Endurnýjun tækjabúnaðar		2015	2021	8.000.000	8.000.000	8.000.000

**Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015**

	Aðlögun að breyttri tækni	2016				
	Stuðningur við val nemenda með tilliti til aðgangsviðmiða háskólanna	2018	2021			
Markmið 3			Tengist markmiði málaflokks			
Allar kenndar brautir séu staðfestar skv. aðalnámskrá 2011.			Markmiði 3: Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi.			
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
Fjöldi brauta sem kenndar eru og hafa verið staðfestar.	Skólanámskrá	3	7	9		
Endurskoðun námsbrauta	Skólanámskrá		Rýni námsbrautalýsinga			
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
Setja námsbrauta- og áfangalýsingar í námsskrárgrunn og sækja um staðfestingu		2015	2017, enn hafa ekki allar brautir verið samþykktar			
2 Rekstrarþættir						
Við skólann starfa 23 kennarar í 19 stöðugildum. Þar af er 1 stundakennari án kennsluréttinda en sérfræðingar í sínu fagi og einn leiðbeinandi. 95% kennara (stundakennarar ekki taldir með) eru með kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. 55% kennara eru karlmenn. 54% kennara eru 55 ára og eldri. Að auki starfa við skólann skólameistari og aðstoðarskólameistari báðir í fullu starfi. Náms- og starfsráðgjafi er í 50% starfshlutfalli, fjármálastjóri í 75% starfshlutfalli, umsjónarmaður fasteigna í 100% starfshlutfalli, starfsmaður á skrifstofu í 50% starfshlutfalli, forstöðumaður bókasafns í 55% starfshlutfalli, tveir stuðningsfulltrúar á starfsbraut í 1,2 stöðugildum og þrír ræstitæknaþættir sem hver um sig er í 47% starfshlutfalli. 10% annarra starfsmanna er KK og er 40% 55 ára eða eldri. Birtar stefnur skólans eru á heimasíðu hans. https://www.fiv.is/is/namskra/stefna Innra mat skólans byggir á stefnumiðuðu árangursmati „balanced scorecard“. https://www.fiv.is/is/skolinn/sjalfsmat-fiv Skólinn var í ytra mati árið 2015 og er áætlað að næst fari fram ytra mat árið 2020.						

	Markmið 1	Faglegir starfshættir og stöðugar umbætur					
	Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
	Hæfni starfsmanna	Sjálfsmat, endurmenntunaráætlun		Mælikvarði skilgreindur	Matið hafið	Fer eftir mati 2018	
	Hlutfall markmiða sem kennarar setja sér og þeir ná innan tiltekins tíma	Markmiðin sem kennarar hafa sett sér eru talin og metið hversu mörgum hefur verið náð innan tiltekins tíma.		Mælikvarði skilgreindur og staðan reiknuð	Kennara-hópurinn hefur sett sér sameiginleg markmið og verið er að vinna að því að reikna hversu háu hlutfalli markmiðanna er náð.		
	Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021
	Komið á föstu skipulagi á sviði endurmenntunar, innleiðing á hvatakerfi til að halda utan um það.		2018	2019			
	Efla fagvitund kennara með innleiðingu á mati á gæðum kennslunnar, SAS, þar sem kennarar setja sér sameiginleg markmið sem miða að því að bæta kennsluna, setja fram aðgerðir og meta vikulega hvernig gengur ásamt því að rýna tímáætlanir hjá hvor öðrum, heimsóknir í kennslustundir og jafningjamat og einblínt um leið á styrkleikanna		2016	2019	1.700.000	1.700.000	1.700.000
	Markmið 2	Góð nýting fjármuna					
	Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
	Jafnlaunavottun	Hlutfall launa kvenna miðað við laun karla að teknu tilliti til frávika.					
	Fækka fámennum nemendahópum eins og hægt er	Vinnumat-hópar		67% hópa í almenfri	72%	80%	90%

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

	með framboði á óstaðbundnu námi.			kennslu eru ofan við lágmarks viðmiðunum..			
	Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021	
	Innleiða jafnlaunastaðal	2018	2021				
	Bjóða nemendum óstaðbundið nám	2015					
	Markmið 3	Efling mannauðs					
	Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018	Viðmið 2019	Viðmið 2020	Viðmið 2021
	Aðbúnaður og starfsumhverfi samræmist nútíma vinnulagi.	Innra mat, úttekt fagaðila		Úttekt hafin			
	Upplýsingaflæði verði greiðara	Samantekt á hvernig upplýsingamiðlun er til starfsmanna og þeirra á milli.		Innri vefur tekin í notkun			
	Aðgerðir	Upphaf	Lok	Kostnaður 2019	Kostnaður 2020	Kostnaður 2021	
	Fræðsla og ráðgjöf um ákjósanlegar vinnutilhögun	2018	2019	200.000			
	Virkja og þróa innri vef starfsmanna.	2018		1.500.000			
	Samskiptarýni	2018		300.000			

Leiðbeiningar við gerð stefnumiðaðrar áætlunar (stefnuskjals) til þriggja ára

	Almennt um skjalið Stefnan er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Stefnunni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki sem stofnun tilheyrir eins og hún birtist í fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að stefnan nái utan um starfsemi ríkisaðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig ríkisaðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar eru engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnu. Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna. Stefna þessi verður birt á vefjum stofnunar og Stjórnarráðsins.
1	Kjarnastarfsemi Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila og undir hvaða málaflokk starfsemin fellur. Æskilegt er að gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum ríkisaðila og öðrum lykiltölum s.s. fjölda starfsmanna, starfsstöðva og notenda. Loks skal gera grein fyrir hlutverki ríkisaðila við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun starfsemi og varpað geta ljósi á þær áherslur sem birtast í stefnunni.
	Markmið (að hámarki 3) Hér eru skilgreind að hámarki þrjú deilimarkmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokknum. Markmiðin eru þannig nánari skilgreining á því hvernig þeim markmiðum skuli náð. Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (<i>outcome</i>) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (<i>input</i>) ríkisaðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.
	Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið) Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar þá mælikvarða sem skilgreindir eru í stefnu fyrir málaflokk. Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verði aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu stjórnsýsluupplýsinga. Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og eftir því sem mögulegt er hver staðan er á yfirstandandi ári. Jafnframt skal skilgreina viðmið, þ.e. töluleg markmið fyrir hvert af næstu þrjú árum.
	Aðgerðir (að hámarki 3 við hvert markmið) Hvernig verður unnið að framkvæmd markmiða, áherslna og aðgerða sem fram koma í þeirri stefnu sem unnið er eftir? Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum í starfi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Í einhverjum tilfellum hafa verkefni verið tilgreind í stefnu fyrir málaflokka og eru þá nánar útfærð hér. Í öðrum tilfellum þarf ríkisaðili að skilgreina aðgerðir eða verkefni sem miða að framkvæmd tiltekins markmiðs í stefnunni. Ef um er að ræða verkefni sem ná til töluvert lengri tíma en þessi stefna tekur til getur verið gagnlegt að áfanga-skipta þeim og fjalla hér um þann þátt verkefnis sem kemur til framkvæmdar á tímabilinu. Gera skal grein fyrir því hvenær ráðgert er að vinna við aðgerð hefst og hvenær henni skal lokið. Gert er ráð fyrir að allar aðgerðir rúmist innan núverandi fjárheimilda og útgjaldasvigrúmi þar sem það á við. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem stofnun fær úthlutað verður ráðstafað. Þar sem því er viðkomið skal tilgreina, fyrir hvert ár sem stefnan nær til, áætlaðan heildarkostnað eða hagræðingu vegna einstaka aðgerða sem tengjast markmiðinu. Gera má nánari grein fyrir aðgerðum í viðauka við þetta skjal.

Leiðbeiningar við gerð stefnumiðaðrar áætlunar (stefnuskjals) til þriggja ára

2	Rekstrarlegir þættir Gera skal grein fyrir því hvernig skipulag stofnunar styður við markmið kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Gera skal stuttlega grein fyrir áherslum og áætlaðri þróun er varða rekstur stofnunar í breiðum skilningi. Hér er m.a. átt við stjórnsýslu, þjónustu, fjármál, gæðamál, mannauðsmál, jafnréttismál, umhverfismál og upplýsingatækni. Eftir því sem við á skal vísa til viðeigandi stefnu stjórnvalda, t.d. útvistunarstefnu ríkisins eða stefnu um vistvæn innkaup. Loks skal gera grein fyrir því hvernig gæði og árangur í starfsemi stofnunar eru metin. Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?
	Markmið (að hámarki 3) Tilgreina skal allt að þrjú markmið er snúa að rekstri og almennri starfsemi stofnunar og unnið verður að á tímabilinu. Markmiðin skulu miða að því að tryggja gæði í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti og vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.
	Aðgerðir (að hámarki 3 við hvert markmið) Í hvaða aðgerðir verður ráðist til að ná fram settum markmiðum? Hér getur verið um að ræða áherslur í starfi eða skilgreind verkefni. Gera skal grein fyrir því hvenær ráðgert er að vinna við aðgerð hefjist og hvenær henni skal lokið. Gert er ráð fyrir að allar aðgerðir rúmist innan núverandi fjárheimilda og útgjaldasvigrúmi þar sem það á við. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem stofnun fær úthlutað verður ráðstafað. Þar sem því er viðkomið skal tilgreina, fyrir hvert ár sem stefnan nær til, áætlaðan heildarkostnað eða hagræðingu vegna einstaka aðgerða sem tengjast markmiðinu. Gera má nánari grein fyrir aðgerðum í viðauka við þessa stefnu.
	Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið) Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta starfsemina? Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verði aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu stjórnsýsluupplýsinga. Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og eftir því sem mögulegt er hver staðan er á yfirstandandi ári. Jafnframt skal skilgreina viðmið, þ.e. töluleg markmið fyrir hvert af næstu þrjú árum.